



Bæjarstjórn - 1339

## FUNDARBOÐ

**1339. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
12. október 2021 og hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

**1. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.**

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á fundi sínum þann 16.09.2021 fyrirbyggjandi drög að reglum Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum og vísaði þeim til afgreiðslu í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 30.09.2021 reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

**2. 2107265 - Bjarni Ólafsson Ak 70 skipaskrárnúmer 2909 - forkaupsréttur**

Erindi frá Saga skipamiðlun ehf. um forkaupsrétt Akraneskaupstaðar vegna nýs tilboðs í Bjarna Ólafsson Ak 70.

Málið er varðar þetta tiltekna skip var til afgreiðslu hjá bæjarráði fyrir í sumar og féllst ráðið þá, á, í umboði bæjarstjórnar, að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins. Sala skipsins gekk hins vegar ekki eftir og því kemur málið að nýju til afgreiðslu en nú vegna fyrirhugaðar sölu til annars kaupanda.

Bæjarráð samþykkti að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en núverandi lagaumhverfi tryggir sveitarfélögum einungis forkaupsrétt að fiskiskipum en ekki að þeim aflaheimildum sem kunna að fylgja viðkomandi fiskiskipi.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.

**3. 2108109 - Þjónustupörf árið 2021 - 2022 - viðbóta stuðningstímar**

Beiðni frá Leikskólanum Akraseli um viðbótarstuðning vegna barns.

Bæjarráð samþykkti að veita viðbótarfjármagni samtals að fjárhæð kr. 2.137.000 Leikskólans Akrasels til að mæta auknum launakostnaði vegna þjónustuparfa barns sem er að hefja leikskólagöngu nú að hausti. Fjármagnið er fært á deild 04110-1691 og er mætt með lækkun á handbæru fé.

Bæjarráð samþykkir viðauka 31 vegna þessa sem færast á deild 04110-1691, er mætt með lækkun á handbæru fé og vísað til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

**4. 2108193 - Deiliskipulag Garðalundar-Lækjarbotnar - óveruleg breyting**

Tillaga að breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags Garðalundar - Lækjarbotna

og 5. áfanga Skógarhverfis. Breyting felst í að skipulagsmörk skógræktarsvæðis sem er vestur með Akranesvegi við Einbúa, eru færð til samræmis við tillögu að deiliskipulagi 5. áfanga Skógarhverfis. Breytingin felur ekki í sér breytta landnotkun né hefur hún áhrif á útsýni eða skuggavarp.

Breytingin hefur verið grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

**5. 2106126 - Deiliskipulag 1. áfangi Skógarhverfi - breyting Beykiskógar 19**

Grenndarkynnt var breyting á deiliskipulagi, sem fólst í að bæta einni hæð ofan á Beykiskóga 19. Athugasemd barst frá húsfélagi og íbúum að Asparskógum 13.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti fyrirbyggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við breytingar á deiliskipulaginu. Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að ofangreind greinargerð skipulagsfulltrúa verði svar bæjarstjórnar vegna þeirra athugasemda sem bárust við deiliskipulagsbreytingunni.

**6. 2106193 - Suðurgata 50a- Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn um að breyta iðnaðarhúsi í tvær íbúðir ásamt þjónusturými. Grenndarkynnt var breyting frá fyrri grenndarkynningu. Skipulags- og umhverfisráð samþykkti fyrirbyggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja áform um byggingarleyfi sbr. grenndarkynningu. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum að Suðurgötu nr. 45, nr. 48, nr. 50 og Akursbraut nr. 17 og nr. 22.

**7. 2101002 - Fundargerðir 2021 - Bæjarráð**

3470. fundur bæjarráðs þann 30. september 2021  
3471. fundur bæjarráðs þann 5. október 2021

**8. 2101005 - Fundargerðir 2021 - Skipulags- og umhverfisráð**

212. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 27. september 2021  
213. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 4. október 2021

**Fundargerðir til kynningar**

**9. 2101003 - Fundargerðir 2021 - Velferðar- og mannréttindaráð**

161. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 21. september 2021.  
162. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 27. september 2021.  
163. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 5. október 2021.

**10. 2101004 - Fundargerðir 2021 - Skóla- og frístundaráð**

172. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 4. október 2021

**11. 2101010 - Fundargerðir 2021 - Faxaflóahafnir**

209. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 17. september 2021.

**11. 2101009 - Fundargerðir 2021 - Orkuveita Reykjavíkur**

308. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 23. ágúst 2021.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.